

Dagsetningar í fjárhagsáætlunarvinnu 2022 vegna áætlunar 2023-2026.

15. júní: Bæjarráð: Reglur um fjárhagsáætlunarferlið 2022 vegna áætlunar 2023 – 2026 kynntar í bæjarráði ásamt drögum að dagsetningum í fjárhagsáætlunarvinnunni. Rætt verður um ramma við gerð fjárhagsáætlunar.

24. júní Upplýsingar til deildarstjóra: Upplýsingar sendar deildarstjórum ásamt drögum að vinnuáætlun vegna vinnu við fjárhagsáætlun. Deildarstjórar skila inn til sviðsstjóra fjármála og stjórnsýslusviðs sínum tillögum fyrir 15. september 2022.

20. ágúst: Deildarstjórafundur

Byrjun september: Vinnufundur aukins bæjarráð þar sem farið verður yfir tekjuáætlun, sorphirðugjöld rædd ásamt fasteignagjöldum. Farið verður yfir breytingar á gjaldskrá með fyrirvara um ábendingar frá deildarstjórum sem berast munu 15. september.

15. september: Vinnubækur fjárhagsáætlunar skilað til sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs. Ásamt tillögum að breytingum á gjaldskrá og tillögum að fjárfestingum.

20. – 23. september: Fundir deildarstjóra með bæjarráði þar sem farið er yfir áherslur deilda og tillögur að fjárfestingum.

26. – 30. september: Drög að fjárfestingaáætlun kynnt fyrir fagnefndum og óskað eftir áherslum nefndanna. Nefndir hvattar til að koma með sínar áherslur og leggja til tillögur að verkefnum.

4. október: Bæjarráð: Kynnt drög að rammaáætlun 2026 ásamt drögum að fjárfestingaáætlun 2023-2026 lögð fyrir. Forsendur Sambands Íslenskra Sveitarfélaga fyrir vinnslu fjárheimilda 2023 lagðar fram.

4. október: Bæjarráð: Drög að útkomuspá 2022 lögð fyrir.

Vinnufundur aukins bæjarráðs: Tímabilið 1. – 30. október 2022. Áætlað er að fundirnir verði í kringum fjórir þar sem farið verður yfir tillögur deildarstjóra að fjárfestingum ásamt fleiri verkefnum.

8. nóvember: Bæjarráð: Fjárhagsáætlun lögð fram til samþykktar til fyrri umræðu bæjarstjórnar.

16. nóvember: Bæjarstjórn: Fyrri umræða fjárhagsáætlun 2023, 3ja ára áætlun 2024-2026, fjárfestingaáætlun og gjaldskrár 2023.

6. desember: Bæjarráð: Fjárhagsáætlun 2023-2026 lögð fram til samþykktar til seinni umræðu bæjarstjórnar

14. desember: Bæjarstjórn: Seinni umræða fjárhagsáætlun 2023, 3ja ára áætlun 2024-2026, fjárfestingaáætlun og gjaldskrár 2023.

14. desember: Birting – Fjárhagsáætlun með greinagerð bæjarstjórnar, 3ja ára áætlun 2023 til 2025 og gjaldskrár 2022.

**Birt með fyrirvara um að einstakar dagsetningar kunna að breytast*

Bæjarráð 15. júní 2022